

Fréttabréf

3. janúar 2016
4. tbl. skólaárið 2015 — 2016

Gleðilegt nýtt ár og þakka ykkur samstarfið á liðnu ári. Vona að þið hafið átt góð jól með ykkar nánustu.

Skóli hefst á ný mánudaginn 4. janúar með skipulags- og undirbúningsdegi starfsfólks. Nemendur mæta samkvæmt stundatöflu þriðjudaginn 5. janúar.

Fyrstu vikunnar verða fundir sem rétt er að upplýsa um.

Menntabúðir á Hellissandi – skóla hætt í Ólafsvík og Lýssk. kl 13:20

Fimmtudaginn 7. janúar verða menntabúðir á Hellissandi fyrir kennara í Snæfellsbæ. Þetta er liður í að efla upplýsingatækni innan skólans. Menntabúðir er samkoma þar sem fólk kemur saman til þess að miðla af eigin reynslu og þekkingu og afla sér fróðleiks frá öðrum þátttakendum. Meginmarkmiðið er að skapa jafningjaumhverfi þar sem miðlun þekkingar og reynslu á sér stað. Jafnframt fá þátttakendur tækifæri til að læra og prófa sig áfram með ýmis áhugaverð viðfangsefni. Menntabúðir stuðla að tengslamyndun og samvinnu fólks sem er að þreifa sig áfram með nýtingu nýrrar tækni og miðla í skólastarfi. Sjá nánar <https://www.smöre.com/38vhj>

Góð heimsókn

Föstudaginn 8. janúar mun Þorgrímur Þráinsson, rithöfundur, koma í heimsókn. Hann mun hitta nemendur í 10. bekk með fyrirlesturinn LÁTTU DRAUMINN RÆTAST. Einnig mun hann lesa fyrir nemendur á miðstigi úr bók sinni Ég elska máva. Kvöldið áður, fimmtudaginn 7. janúar, verður Þorgrímur með fyrirlestur fyrir foreldra sem ber titilinn Verum ástfangin af lífinu, um jákvæðni, markmiðssetningu o.fl. Fyrirlesturinn verður í sal skólans í Ólafsvík og hefst kl. 20:00.

Sameiginlegur fundur á Búðum

Miðvikudaginn 13. janúar kl. 17:00 er fyrirhugað að halda sameiginlegan fund foreldrafélaganna, skólaráðs og stjórnenda skólans að Búðum. Á þessum fundi verður farið yfir áherslur í skólastarfinu, sameiginlega viðburði og umræður um skóladagatal næsta skólaárs.

Danskennsla 1. – 4 .bekk

Eins og undanfarin ár þá verður danskennsla fyrir nemendur 1. – 4. bekkjar á Hellissandi. Lilja Stefánsdóttir sér um hana ásamt Brynju Mjöll Ólafsdóttur og Ingibjörgu Sumarliðadóttur. Hver bekkur fær danskennslu í eina viku að loknum skóladegi og síðan er danssýning á föstudegi. 1. bekkur byrjar 11. janúar.

Læsi

Á haustdögum gerðu mennta- og menningarmálaráðuneyti og sveitarfélögin með sér *Þjóðarsáttmála um læsi* um það markmið að öll börn geti við lok grunnskóla lesið sér til gagns. Verkefnið er hluti af aðgerðaáætlun í kjölfar Hvítbókar um umbætur í menntun. Framlag ráðuneytisins verður í formi ráðgjafar, stuðnings, lesskimunar og aukins samstarfs við foreldra.

Í skólanum er búið að koma saman teymi kennara sem mun leiða starfið í skólanum. Í þessu teymi eru Lilja Stefánsdóttir, Signý Rut Friðjónsdóttir, Margrét Gróa Helgadóttir, Kristín Helga Guðjónsdóttir og Hilmar Már Arason. Eitt af fyrstu verkum teymisins er að marka skólanum stefnu í læsi í góðu samstarfi við starfsfólk skólans og foreldra. Stóra verkefnið verður að koma stefnunni í framkvæmd og ná því markmiði að allir nemendur geti lesið sér til gagns við lok grunnskóla.

Mikilvægt er að öll börn fái tækifæri til að eiga daglega lestrarstund til loka grunnskóla. Foreldrar og aðstandendur þurfa að vera virkir þátttakendur í námi barna sinna og fylgjast með framvindu og árangri.

Ekki fleira að sinni, eigið góðar stundir

Hilmar Már Arason skólastjóri